

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um málefni kirkjugarða.

1. *Hyggst ráðherra standa við samkomulag sem gert var árið 2005 við kirkjugarðaráð um fjárveitingar til kirkjugarða?*

Frá árinu 2009 sættu mörg verkefni sem fjármögnuð eru með fjárveitingum úr ríkissjóði skerðingum. Á það einnig við um samkomulag ríkisins við kirkjugarðaráð og er það gert í samræmi við 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins frá 2005, þar sem kveðið er á um að allar fjárhæðir séu háðar ákvörðun Alþingis um fjárveitingar á fjárlögum. Samkomulagið hefur að öðru leyti verið virt og upp reiknað í samræmi við efni þess. Fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023 gerir ekki ráð fyrir leiðréttingum á einingarverðum samkomulagsins.

2. *Telur ráðherra þörf á að endurskoða gjaldalíkan sem samkomulagið er reist á? Telji ráðherra svo vera, hvaða þáttum líkansins telur ráðherra þörf á að breyta og með hvað að markmiði?*

Ráðuneytið hefur haft til skoðunar greiðslur kirkjugarðaráðs til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Niðurstaða liggur ekki fyrir og er háð samkomulagi við kirkjuna sem nú er unnið að.

3. *Telur ráðherra unnt að ná hagræðingu í rekstri kirkjugarðaráðs og kirkjugarðanna og ef svo er, hvernig?*

Almennt er talið svigrúm til hagræðingar í öllum rekstri á hverjum tíma. Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir slíkri hagræðingu á flestum sviðum í fjárveitingum hins opinbera til einstakra verkefna á komandi árum. Þeim sem bera ábyrgð í rekstri eða útfærslu einstakra verkefna er eftirlátið að útfæra hagræðinguna og er ekki gert ráð fyrir að hugmyndir að slíku komi frá ráðuneytunum.